

**FÉLAG MBA KVENNA FRÁ  
HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK**



**SKÝRSLA STJÓRNAR  
VETURINN 2017-2018**

**LAGT FRAM Á AÐALFUNDI FÉLAGSINS  
6. JÚNÍ 2018**

# 1. STJÓRN

---

Á aðalfundi Emblna þann 17. maí 2017 komu þrjár nýjar konur í stjórn félagsins, þær K Svava Einarsdóttir, Þuríður H. Aradóttir Braun og Arna Guðmundsdóttir. Sigrún Sigurðardóttir og Lilja Erla hófu sitt annað stjórnarár. Formaður stjórnar var kjörin K Svava Einarsdóttir.

Arna Guðmundsdóttir var erlendis í skiptinámi og hóf því sín störf með stjórninni í janúar 2018.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í september 2017 skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- Formaður: K Svava Einarsdóttir
- Gjaldkeri: Lilja Erla Jónsdóttir
- Ritari: Þuríður H. Aradóttir Braun
- Meðstjórnandi og vefumsjón: Sigrún Sigurðardóttir
- Meðstjórnandi: Arna Guðmundsdóttir

# 2. STARFSÁRIÐ Á BEYTTUM TÍMUM

---

Dagskrá vetrarins var kynnt fyrir félagskonum í upphafi vetrarstarfsins í kjölfar fyrsta fundar stjórnar. Tók hún mið af stöðu stjórnar, með færri stjórnarmeðlimi, og markmiðum félagsins um að efla Emblur sem leiðtoga, að styrkja tengslanet og að auka fræðslu til félagskvenna.

Til að verða við þessum markmiðum var ákveðið að viðhalda SUSS fundunum og fara í fyrirtækjaheimsóknir til MBA kvenna. Með þessum viðburðum fengum við tækifæri til að kynnast öflugum Emblum og konum út atvinnulífinu, læra af þeim og heyra sögur þeirra.

Tveir SUSS fundir voru skipulagðir yfir veturinn. Fyrri fundurinn var haldinn 24. nóvember 2017, og var þemað tengt Ferðabjónustu. Fundurinn var haldinn í Danska salnum á Canopy, þar sem Magnea Þórey Hjálmarsdóttir Framkvæmdarstjóri Icelandair Hótelanna og Inga Hlín Pálsdóttir Forstöðumaður ferðabjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu deildu með okkur þeirra verkefnum og reynslu í gegnum árin. Magnea tók vel á móti fundargestum með glæsilegum veitingum og þökkum við henni kærlega fyrir móttökurnar.

Seinni SUSS fundur Embla var haldinn 22. mars 2018 hjá Mantra ehf. en það fyrirtæki eiga og reka Emlurnar Björk Eiðsdóttir og Auður Húnfjörð. Þær tóku virkilega vel á móti okkar félagskonum með góðum veitingum og af mikilli fagmennsku. Við þökkum þeim innilega fyrir sitt framlag til okkar kvenna.

Stjórn Embla kynnti starfsemi félagsins á kynningarfundum í Háskólanum í Reykjavík fyrir þeim konum sem hófu nám í MBA við Háskólann í Reykjavík síðast liðið haust og buðu þeim að taka þátt í starfinu. Þar var það jafnframt kynnt að engin félagsgjöld þarf að greiða á meðan á námi stendur.

Emblur voru 10 ára árið 2017 og að því tilefni var efnt til afmælisveislu á Vox á Nordica Hilton Reykjavík í október. Áttum við saman góða kvöldstund með Emblum, þar sem boðið var upp á góðar veitingar að hætti matreiðslumanna Vox og ljúfa tóna, fengum söngkonuna Jónínu Aradóttur til að spila nokkur vel valin lög. Við óskum Emblum til hamingju með þennan áfanga og vonum að á næstu 10 árum eigi Emblur eftir að setja mark sitt á atvinnulíf og samfélag hvort sem það er hér heima eða erlendis.

Í lok árs var haldin sameiginleg jólastund með Rumbu á veitingastaðnum Níunni þar sem veglegar veitingar voru í boði, jólatónlist og góður félagsskapur.

Áætlað var að bjóða uppá tvær fyrirtækjaheimsóknir yfir veturinn en vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna var önnur þeirra felld niður.

Vistor bauð Emblum upp á fyrirtækja heimsókn í 15. febrúar. Arnþrúður Jónsdóttir, MBA 2018 hélt utanum skipulagningu heimsóknarinnar en hún starfar þar sem markaðsstjóri. Gunnur Helgadóttir, framkvæmdarstjóri Vistor og útskrifaður MBA nemandi frá HR tók vel á móti gestum og hélt góða og áhugaverða kynningu á starfsemi fyrirtækisins, þróun þess og sagði okkur jafnframt frá sínu ferðalagi í fyrirtækinu. Við þökkum Vistor og starfsmönnum þeirra fyrir góðar móttökur.

Í dag 6. júní erum við á aðalfundi Embla. Fyrir liggur að við störfum á breyttum tímum í íslensku samfélagi, þar sem við veltum fyrir okkur framtíð félagsskaparins og alþjóðlegu samfélagi, þar sem við höfum að einhverju leiti einhverju hlutverki að gegna.

Þrátt fyrir jákvæðar fregnir af jafnrétti kynja á atvinnumarkaði og bættum kjörum kvenna þá þurfum við að minna reglulega á okkur og vinna saman að því að gera framtíðina betri fyrir næstu kynslóðir. Við sem einstaklingar stóðum á krossgötum þegar við völdum að fara í MBA nám á sínum tíma, við stóðum á krossgötum þegar við útskrifuðumst og við sem félagsskapur stöndum á krossgötum í dag. Það verður því vegleg verkefni sem ný stjórn fær upp í hendurnar við að leiða okkur yfir þessar krossgötur og inn í framtíðina.

Ég vil nýta tækifærið og þakka stjórn og ykkur félagskonur fyrir samstarfið í vetur en ég get því miður ekki gefið kost á mér áfram þar sem ég flyt erlendis í haust. Ég mun þó halda áfram að fylgjast með ykkur úr fjarlægð.

Stjórn Emblna þakkar félagskonum fyrir ánægjulegt starfsár. Í kjölfar aðalfundar fagna Emblur vorinu.